

## AUGLÝSING um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Hönnunarsafns Íslands.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 2. desember 2013 stofnskrá Hönnunarsafns Íslands.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 24. janúar 2018.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ fyrir Hönnunarsafn Íslands.

##### I. Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.

Safnið heitir Hönnunarsafn Íslands. Það starfar í almannapágu sem stofnun á vegum Garðabærar, samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Garðabærar sem undirritaður var 1. desember 2006.

Safnið skal starfa í samræmi við safnalög nr. 141/2011 og uppfylla skilyrði til að öðlast viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laganna.

Heimili og varnarþing safnsins er í Garðabæ.

2. gr.

Hlutverk Hönnunarsafns Íslands er að vera miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar, það beri ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Safnið skal móta sér söfnunar- og sýningstarstefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á hönnunarlist. Framkvæmd stefnunnar skal vera markviss og árangursrík og skal stefnan vera endurskoðuð á tveggja ára fresti. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.

##### II. Stofnendur, stofnfé og tekjur safnsins.

3. gr.

Stofnendur safnsins eru: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Garðabær.

4. gr.

Hönnunarsafn Íslands starfar sem stofnun á vegum Garðabærar og er safninu ekki lagt til sérstakt stofnfé. Sérstakur samningur skal gerður um stofnframlag ríkisins til safnsins.

5. gr.

Tekjur safnsins skulu vera:

Framlag ríkisins samkvæmt fjárlögum.

Framlag Garðabærar.

Sértekjur geta verið styrkir, framlög, aðgangseyrir og útseld þjónusta.

Framlögin skulu fylgja vísitölu hvers árs. Gjafir og fjárfamlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 með áorðnum breytingum. Hagnaður af starfsemi safnsins skal ganga til starfsemi safnsins enda safnið ekki rekið í hagnaðarskyni.

### **III. Stjórn.**

6. gr.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands skal skipuð þremur aðilum og jafn mörgum til vara. Starfstími stjórnarmanna er fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórnar. Bæjarstjórn Garðabæjar skipar stjórnarmenn og varamenn. Varamenn sitja fundi í fjarveru stjórnarmanna. Hætti stjórnarmaður skal varamaður hans taka sæti hans. Bæjarstjórn Garðabæjar skipar formann en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

7. gr.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands heldur fundi eftir því sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála.

Að öðru leyti gildir samþykkt um stjórn Garðabæjar um störf stjórnarinnar.

Forstöðumaður situr fundi safnstjórnar og hefur þar tillögurétt og málfrlesi.

8. gr.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands gerir tillögur til bæjarstjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun safnsins fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar. Leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir Hönnunarsafn Íslands hefur forstöðumaður.

9. gr.

Stjórnin sinnir leiðsögu- og eftirlitshlutverki fyrir safnið. Hún beitir markvissri stefnumótun og tryggir framkvæmd og reglulega endurskoðun þeirrar stefnu hjá safninu. Stjórnin hefur yfirumsjón með því að safnið starfi samkvæmt stofnskrá og almennum lögum. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð safnsins og árangursríka starfsemi þess. Stjórn Hönnunarsafns Íslands fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums). Stjórnin semur og staðfestir stofnskrá.

### **IV. Forstöðumaður.**

10. gr.

Bæjarstjóri ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur safnsins. Stjórn Hönnunarsafns Íslands skal veita umsögn um ráðningu í starf forstöðumanns. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun á svíði hönnunar eða lista eða búa yfir sambærilegri þekkingu. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki stjórnar og í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun.

11. gr.

Forstöðumaður starfar samkvæmt starflslýsingu sem stjórn safnsins samþykkir. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins í umboði stjórnar og framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið. Forstöðumaður fylgir siðareglum ICOM.

### **V. Reikningur og endurskoðun.**

12. gr.

Hönnunarsafn Íslands er samkvæmt stofnskrá þessari stofnun á vegum Garðabæjar og fellur því undir reikningsskil bæjarins samkvæmt sveitastjórnarlögum.

Endurskoðendur Garðabæjar, sem ráðnir eru samkvæmt 72. gr. sveitarstjórmarlaga vinna að endurskoðun og gerð reikninga fyrir safnið og leggja fyrir stjórn þess og bæjarstjórn eins og lög gera ráð fyrir.

### **VI. Rekstur.**

13. gr.

Í húsnæði Hönnunarsafns Íslands skulu jafnan vera grunnsýningar sem gefa góða innsýn í þá þætti í sögunni sem lúta að hönnun. Þá getur safnið gert einstökum þáttum skil á sérsvningum, bæði í safnhúsini sjálfu og annars staðar þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður.

## 14. gr.

Hönnunarsafn Íslands skal hafa sýningarsali opna á auglýstum sýningartínum í a.m.k. þrjá mánuði á ári. Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning sem og erlenda gesti m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfustarfi. Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og skal leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum. Haft skal gott eftirlit með aðsókn og aðsóknarþróun og leitast við að hámarka aðsókn. Safnið skal sinna fræðsluhlutverki til skóla á starfssvæði sínu og skal hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, ferðapjónustu og aðra aðila eftir því sem við á.

## 15. gr.

Forstöðumanni er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga í viðurkennd söfn innanlands eða utan.

Ekki er safninu heimilt að veita viðtoku munum sem sérstakar kvaðir fylgja, nema stjórnin samþykki að gjöfin hafi sérstaka þýðingu fyrir safnið. Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Leita þarf samþykkis viðkomandi höfuðsafns um leyfi til grisjunar safnkosts.

## 16. gr.

Samstarf safnsins við önnur söfn innanlands sem utan eða aðrar viðurkenndar stofnanir um málefni sem varða safnið er heimilt svo framarlega sem stjórnin styður samstarfið og hagræðing hlýst af því.

**VII. Breytingar á stofnskrá.**

## 17. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar getur breytt stofnskrá þessari með staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## 18. gr.

Með tillögur um slit og skipti á safninu skal fara eins og með breytingar á stofnskrá þessari.

**VIII. Slit á samstarfi eða niðurlögn safnsins.**

## 19. gr.

Verði safnið lagt niður eða starfsemi þess breytt, svo ekki samrýmist samningi um stofnun þess sbr. 1. gr., skulu munir renna til Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands eða Garðabæjar eftir því sem við á. Við það skal þó miðað að safnkosturinn myndi áfram heildstætt safn.

## 20. gr.

Komi til þess að starfsemi safnsins á vegum Garðabæjar leggist af, skal Garðabær endurgreiða ríkissjóði stofnframlag uppreiknað m.v. byggingarvísitölu í þeim mánuði sem það var greitt, að frá-dregnum 2% afskriftum á ári.

**IX. KAFLI  
Ýmis ákvæði.**

## 21. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar og staðfest af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, fyrri stofnskrá frá 21. desember 2006 fellur úr gildi.